

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992 öðlaðist gildi 1. september 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993, þar sem samningurinn er birtur, 25/1993 og 54/1995.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir við Rúmeníu.

Hinn 10. desember 1992 fóru fram erindaskipti milli Íslands og Rúmeníu um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir. Fyrirkomulagið öðlaðist gildi 1. júní 1994.

Fyrirkomulagið liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að því.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um Marakess-samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Hinn 30. desember 1994 var aðalframkvæmdastjóra samningsaðila hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1947 afhent staðfestingarskjal Íslands vegna Marakess-samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994. Alþingi hafði með ályktun 29. desember 1994 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1995.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.